Deiliskráning í landi Ölvaldsstaða

Stefán Ólafson

FS560-15021 Reykjavík 2015

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Fax: 551-1047
Veffang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Uppdráttur og loftmynd af deiliskráningarreit 4
1. Inngangur 5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf. 6
3. Fornleifaskrá 7
4. Niðurstöður 11
Heimildir 13
Hnitaskrá í landhnitakerfi (ISN93). 14

Hluti af aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022

13,00 HA LÓÐIR
7,00 HA Vegir skógrækt og sameiginl.

Minjastaður

15m verndarsvæði minjastaðar

Hnitaskrá spildu 2:
1. X= 357145,72 Y= 458167,60
2. X= 357181,82 Y= 458164,08
3. X= 357225,52 Y= 458175,22
4. X= 357268,80 Y= 458164,53
5. X= 357320,35 Y= 458148,57
6. X= 357385,31 Y= 458127,71
7. X= 357639,88 Y= 458975,95
8. X= 357260,03 Y= 458752,42

VINNSLA

SPILDA 2 ÚR LANDI ÖLVALDSSTAÐA II

deiliskipulag

nr. 01

kvarði 1:2000

dags. jan. 2014 breytt

teiknistofa GINGI

Garðastrati 17, 101 Reykjavík
Aðalstrati 77 A, 450 Patreksfjörður
gingi1@internetis

ankleinar lai
Guinnaugur Björn Jónsson

id. 110294-3549 s.mar. 5921102 0379084

Úttektarsvæðið sem fjallað er um í þessari skýrslu tilheyrir jörðinni Ölvaldsstöðum í Borgarhreppi, Borgarbyggð.

1. Inngangur

Skömmu fyrir áramótin 2014-15 fór Örn Pálmason þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin ynni deiliskráningu á afmörkuðu svæði í landi Ölvaldsstaða í Borgarhreppi (nánar tiltekið Ölvaldsstöðum II).
Skipulagsreiturinn sem kannaður var á vettvangi er hluti af stærra svæði sem sveitarstjórn Borgarbyggðar hafði samþykkt að auglýsa skipulagsbreytingu á, þann 6. júní 2014 (Sjá slóð: http://borgarbyggd.is/frettir/nr/190733/, skoðað 20.04.2015). Svæðið sem auglýstar breytingar ná til „afmarkast af Ferjubakkavegi 530 til suðurs, Beinhamratjörn til austurs en að norðan afmarkast það af framræsluskurði sem liggur suðvestur frá Leirtjörn til norðausturs. Vestan við svæðið eru svo Vatnsásar og Vörðuhólar. Heildarstærð svæðisins eru 55 hektarar og hefur því verið skipt upp í þrjá hluta, tvær landspildur sem eru 20 hektarar og eru þær nefndar Spilda 1 (austast) og Spilda 2 (í miðju) á uppdrætti, og svo eina landspildu sem er 15 hektarar, einnig nefnd Spilda 2 á uppdrætti en ætti væntanlega að teljast sem spilda 3 (vestast). Sá deiliskipulagsreitur sem hér er til umfjöllunar er, miðjuspildan (Spilda 2) sem er 20 hektarar að stærð (sjá deiliskipulagsuppdrátt bls. 4, úttektarsvæðið er afmarkað með rauðum lit).
Áður en vettvangsskráning var gerð var unnin heimildaúttekt fyrir svæðið. Hana vann Elín Ósk Hreiðarsdóttir en um vettvangsúttekt, úrvinnslu og skýrslugerð sá Stefán Ólafsson. Skráningin var unnin í aprílmánuði 2015.
Áður en svæðið var gengið í leit að fornleifum var haft samband við staðkunnuga heimildamenn og rætt við þau Guðrúnu Fjeldsted og Gylfa Björnsson í síma. Hvorugt þeirra kannaðist við fornleifar innan skipulagsreits.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980. Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning). Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminja (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í lögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem það eru vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir ennfremur: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang[i] fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunaruppgraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: MH-102:001).

Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að frávik frá miðju sé ekki meira en 5 metrar og svo er 15 metra friðhelgt svæði umhverfis fornleifar samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012) (þetta svæði er sýnt er á skiplagsuppdrætti bls. 4 með rauðum hring). Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

MH-102 Ölvaldstaðir

1709: Jarðadýrleiki 40 hdr, eigandi að tveimur þriðju kónungur, en afgangur er í bændaeign og skiptist milli tveggja eiganda; JÁM IV, 362. 1847: 40 hdr. Bændaeign; JJ, 128.

Jarðarinnar er getið í Egilssögu en samkvæmt henni bjó þá Ölvaldi á Ölvaldsstöðum; ÍF II, 289-290.

[1354]: [til Borgar] liggia ix bøir ad tyvnndum oc lysitollum oc half tyunnd af olvalldastodum; Máld DI III, 88 [Borgar]

1397: [til Borgar] liggia xij bæer ad iundumm oc lysitollumm oc half tiund af Olvalldastodumm; Máld DI IV, 187-188 [Borgar]

1541: er jörðin talin upp meðal jarða Ögmundar biskups: „Aulvastadir. lx kvgildi vij (aurar)“ DI X, 680.

1548-49: j k(irke)ko. Jörðin er talin upp í Fógetareikningum; DI XII, 132, sbr. 1549-50,

DI XII, 148, sbr. 1550, DI XII, 168, 1552 DI XII, 393
1553: „Elstestad langgille vj faaer.“
Fjögur túnakort voru gerð 1918, ein fyrir hvern eigenda jarðarinnar og eru þau áþekk þó að merkingar séu mismunandi. Samkvæmt Túnakortinu frá 1918 voru tún Jóns Bergssonar 1,7 ha og öll slétt en garðar 678 m2. Tún Jóns Guðmundssonar voru 1,3 ha og allt slétt en garðar eru 544 m2. Tún Jóns Björnssonar voru 3,3 ha og öll slétt en garðar 1754 m2. Tún Bergþórs voru 1, 0 ha og öll sléttuð og garðar 597 m2. 1709: „Afrjett ut supra. Engjar ljá ábúendum stundum nágrönnum sínum fyrir toll, sem hefur verið xl ánir árlega, sjaldan meira, stundum minna, og er þetta talað um engi á kóngspartinum. Torfrista og stúnga næg en erfið til að sækja. Reiðingsrista í sama máta erfið fyrir heimilið. Móskurður til eldiviðar bjarglegur, en erfiður mjög fyrir vatni í fúaflóa [...] Lax og silúngaveiðivon í Gufá hefur áður að gagni verið, en nú brugðist í margt ár. Túninu granda stórviðri, sem gjöra svarðleysu og graslausa móa. Engjar spillast af sjávarflæðum að farman en Hvítá að ofan, sem bera á þær sand til skaða. Er og hér stórlega hætt á þessu engi, þegar gras er slegið, en ekki burtu flutt áður en flæðir, Er það og stundum með vilja gjört, þegar veður stendur af sjó, að slá niður grasið undir þessar flæður, og láta so heyið flæða og hrekja fyrir vindi og straum ofar í landið í hrönn yfir eitt foræði, og mistekst þetta mjög fyrir mönnum og verið heyskaði, einkum þá veður snýr sjer af landi; þegar heyið er nú í hrönninni, verður það samdægurs að flytja á þerrivöll, og síðan yfir eitt forað, sem með stórerfiði brúa þarf árlega. Landþröng er og þiggja ábúendur haga af Óskholti fyrir toll árlega, sem er ýmist xx álnir eður nokkuð meira. Hætt er kvikfé á vetur fyrir stórviðrum, sem áður hefur skaðið að orðið“ JÁM IV, 363. Í Sýslu- og sóknarlýsingum 1873 segir: „Ölvaðsstaðir 40 hndr. Flæðiengja heyskaparjörð en létt og rýr fjárbeit. Laxveiði við Ölvaldsstaðaklakk og Gufuá.“ SS, 111. Í sömu bók segir einnig: „Ölvaldsstaðir liggja í vesturátt frá Ferjubakka stutta bæjarleið og standa að austanverðu við Gufárósinn so land þeirra nær að firðinum. Þeir eru 40 hndr. að dýrleika og engin landkostajörð að öðru en heyskapnum sem er mikið gróður; þar í mót er bæði lítið land og létt og votsamar engjar vegna sjóarflæðanna, en ekki liggja þeir undir öðrum áföllum né heldur kunna að segjast hafa gengið sérstaklega af sér þó ekki hafi þeir batnað,“ SS, 85. „Ölvaldsstaðir eru gömul jörð, en hennar er getið í Egilssögu. Að fornu mati var hún 40 hundruð með eyðihjáleigunni Krúnuhólum JJ, 128. Mjög lengi hefur verið margbýli á Ölvaldsstöðum og jörðinni skipt upp með ýmsum hætti. Á síðari tímum munu hafa orðið mest 5 býli á torfunni. Voru þau þá nefnd Norðurbær, Miðbær, Vesturbær, Suðurbær I og Suðurbær II. Árið 1905 var Suðurbær I sameinaður Norðurbæ. Árið 1926 var Vesturbær sameinaður Suðurbæ (II), og hvarf þá Vesturbær úr tölu býlanna. Árið 1936 var byggt nýbýlið Hjarðarhóll úr landi Norðurbæjar, en árið 1947 voru 2/3 hlutar þáverandi Suðurbæjar keyptir til nýbýlisins, en 1/3 hluti jarðarinnar lagður til Norðurbæjar. Íbúðarhús Suðurbæjar eða Ölvaldsholts III stendur nú á 2.200 fermetra eignarlóð og er notað sem sumarbústaður. Eftir þessi skipti eru þrjár bújarðir á torfunni, Ölvaldsstaðir I (Norðurbær), Ölvaldsstaðir II (Miðbær) og Ölvaldsstaðir IV (Hjarðarhóll). Lengi var óræktað land í óskiptri sameign jarðanna, en árið 1947 var óræktuðu landi jarðanna skipt upp á milli þeirra, en veiði í Hvítá og Gufuá er enn í óskiptri sameign. Íbúðarhús á Ölvaldsstöðum I stendur nyrst Ölvaldsstaðabæjanna. Jörðin fór í eyði árið 1985 og er nú nytjuð frá Ölvaldsstöðum IV.“ segir í BB III, 224 og á bls. 225 segir: „Ölvaldsstaðir II (Miðbær) er eitt af þremur

býlum, sem nú eru á Ölvaldsstaðatorfunni (sjá Ölvaldsstaði I). Hús jarðarinnar standa vestan í hæðardragi milli húsa á Ölvaldsstöðum I, sem eru norðar, og Ölvaldsstaða III sem standa sunnar.“ og á bls. 226 um Ölvaldsstaði III (Hjarðarhól): „Land Ölvaldsstaða er upprunalega að miklum hluta mýrar og mýrarsund, með gróðurlitlum klapparholtum á milli.[...] Bæjarhús á Ölvaldsstöðum IV standa austan í lágu hæðardragi, en gengt þeim, austan lægðardrags, þar sem nú eru tún, eru hús hinna Ölvaldsstaðajarðanna.“

Fornleifar innan deiliskipulagsreits

Einn minjastaður var skráður innan deiliskipulagsreitsins, (MH-102:058) og annar skammt frá jaðri þess (MH-102:091). Á báðum stöðum fundust vörður og fylgir nánari lýsinga á þeim hér að aftan.

MH-102:058 *Prestholt*
varða hlutverk óþekkt
64°35.998N 21°46.424V
„Börðin milli Dagmálamels og Vakarholts, sem fyrr er getið, og hallinn þar upp af, heitir Börð, er nú orðinn að túni. Norður af Vörðuholti er Prestholt, holt með vörðu á; þar varð úti prestur frá Ferjubakka,“ segir í örnefnaskrá AG. Klapparholt með vörðu á er tæpan 1,5km vest-norðvestan við íbúðarhúsin á Ölvaldsstöðum. Það er suðvestarlega á úttektarsvæðinu, beint norður af Vörðuholti og austan við Beinhamramtjörn og mun að öllum líkindum vera svonefnt Prestholt. Þó skal það nefnt hér að annað holt, sem er nokkuð stærra, er um 100m metrum vestar og á því er einnig varða (sjá MH-102:091) en það er ekki beint norður af Vörðuholti eins og það ætti að vera samkvæmt örnefnalýsingu og því ekki talið vera meint Prestholt.

Varðan á Prestholti, MH-102:058. Horft til suðurs

Varðan er á aflöngu klapparholti sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Landið umhverfis mjög mýrlent og flatt en einkennist af lágum klapparholtum hér og þar. Varðan er ferhyrnd, 1x1m að stærð, 50-60 cm á hæð og um 4 umför. Varðan hefur verið hærri og má sjá hrunið úr henni liggja út frá henni til austurs. Hún er hlaðin úr frekar stóru grjóti sem er gróið mosa og skófum og umhverfis hana neðst er gróðurkragi. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Ölvaldsstaðir AG, 10

MH-102:091 varða óþekkt 64°36.002N 21°46.573V
„Börðin milli Dagmálamels og Vakarholts, sem fyrr er getið, og hallinn þar upp af, heitir Börð, er nú orðinn að túni. Norður af Vörðuholti er Prestholt, holt með vörðu

Varða MH-102:091, horft til austurs

á; þar varð úti prestur frá Ferjubakka," segir í örnefnaskrá AG. Rúma 80m vestan við Prestholt og rúma 100m vestan við vörðuna á Prestholti er önnur varða á öðru klapparholti. Þetta holt er eiginlega stærra en Prestholtið en virðist ekki bera neitt örnefni. Þetta ónefnda holt er norð-norðvestan við Vörðuholt og tæpa 50m utan við úttektarsvæðið.
Varðan er á aflöngu klapparholti sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Landið umhverfis er mjög mýrlent og flatt en einkennist af lágum klapparholtum.
Varðan er ferhyrnd, 2x1m að stærð og snýr norður-suður, hún er um 90cm á hæð og 5-6 umför. Hún er hlaðin úr frekar stóru grjóti sem er gróið mosa og skófum. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Ölvaldsstaðir AG, 10

4. Niðurstöður

Þann 6. júní 2014 samþykkti sveitarstjórn Borgarbyggðar að auglýsa breytta landnotkun á 55 hektara stóru landsvæði í landi Ölvaldsstaða II, vestan Beinhamratjarnar. Svæðið sem auglýstar skipulagsbreytingarnar ná til er austan Vatnsása og Vörðuhóla, afmarkast af Ferjubakkavegi 530 til suðurs, Beinhamratjörn til austurs en að norðan afmarkast það af nokkuð breiðum en frekar grunnum framræsluskurði sem liggur suðvestur frá Leirtjörn til norðausturs. Sæmkvæmt deiliskipulagsuppdrætti frá teiknistofunni GINGI hefur áður lýstu svæði verið skipt upp í þrjár skákir og var sú í miðjunni skráð að þessu sinni en hún er um 20 ha stór og nefnd Spilda 2 á uppdrættinum (afmarkað með rauðri línu á deiliskipulagsuppdrætti á bls. 4). Á úttektarsvæðinu er gert ráð fyrir 22 frístundalóðum og tveimur akvegum.

Úttektarsvæðið er frekar flatt og mýrlent en einkennist af lágum klapparholtum. Úttektarsvæðið var þaulgengið í leit að fornleifum. Einungis ein fornleif (MH-102:058) var skráð innan úttektarsvæðisins en önnur fornleif (MH-102:091) er tæpra 50m vestan við vesturmörk þess og var hún skráð líka þótt ljóst þyki að framkvæmdir innan úttektarreitsins ættu ekki að ógna henni. Báðir minjastaðirnir sem voru skráðir eru vörður, er önnur þeirra á svonefndu Prestholti en hin á ónefndu holti þar skammt vestan við.

Sú varða sem er innan úttektarsvæðis telst í „stórhættu vegna framkvæmda" þó það verði að teljast líklegt að hægt að hlífa vörðunni með réttum aðgerðum. Varðan

sem skráð var rétt utan jaðars skipulagssvæðis telst í hættu vegna framkvæmda en ljóst er að við henni ætti ekki að þurfa að hrófla við framkvæmdir á úttektarsvæðinu. Rétt er þó að merkja hana og vekja athygli á henni svo að hún skemmist ekki af vangá, t.d. vegna umferða vinnuvéla. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða en það er Minjastofnunar Íslands að leggja mat á gildi þeirra og úrskurða um hvort áhrif framkvæmda á fornleifar séu ásættanleg og þá til hvaða mótvægisaðgerða gæti þurft að grípa. Samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012) er 15 metra friðhelgt svæði umhverfis fornleifar og er það sýnt á skiplagsuppdrætti (bls. 4) með rauðum hring.

Heimildir

BB III: *Byggðir Borgarfjarðar III* (1993). Mýrasýsla og Borgarnes. Bjarni Guðráðsson og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna. Reykjavík: Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

DI=ÍF: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.* Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. IV bindi. Kaupmannahöfn, 1943.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsíngum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn, 1847.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Sjá: (http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html)

SS: *Sýslu og sóknalýsingar* (2005). Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Hið íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna. Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun.

Óútgefnar heimildir:

Deiliskipulagsuppdráttur: Gunnlaugur Björn Jónsson (2014). *Hluti af aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.* Ölvaldsstaðir. GINGI: Reykjavík og Patreksfjörður

http://borgarbyggd.is/frettir/nr/190733/, skoðað 20.04.2015

Ö-Ölvaldsstaðir AG: Örnefnaskrá Ölvaldsstaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Túnakort Ölvaldsstaða frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

ISN93

Hnitaskrá spildu 2*:
1. X= 367145,72 Y= 458187,80
2. X= 367181,82 Y= 458184,08
3. X= 367225,52 Y= 458175,22
4. X= 367268,80 Y= 458164,53
5. X= 367320,35 Y= 458148,57
6. X= 367385,31 Y= 458127,71
7. X= 367639,68 Y= 458978,95
8. X= 367260,03 Y= 458752,42

Hnitaskrá fornleifa:
MH-102:085 X= 367245 Y= 458317
MH-102:091 X= 367126 Y= 458329

*Hnit samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti